

Fermingarblað Vífils

1. tölublað

32. árgangur



2010



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2010
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ
Sumarnámskeið Vífils í 22. sinn

Gleðilega páska

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is



Þrítugasti og annar árgangur

Fermingarblað Vífils, eitt elsta blaðið í Garðabæ kemur nú út í 32. skiptið.

Í blaðinu er að finna lista yfir ferming-
arbörn í Garða- og Vídalínskirkju ásamt
þeim úr Garðabæ sem fermast í Bessa-
staðakirkju. Listarnir sem hér eru birtir
eru eins og þeir lágu fyrir þegar blaðið
fór í prentun, en mögulega hafa orðið
einhverjar breytingar frá þeim tíma.
Blaðið hefur einnig að geyma yfirlit yfir
og kynningu á því umfangsmikla starfi
sem fram fer í Vífli.

Sumarnámskeið Vífils

Sumarið 2010 verða hin sívinsælu
sumarnámskeið Vífils í boði eins og
mörg undanfarin sumur. Hægt er að
velja á milli Grallaranámskeiða, Útílfis-
og ævintýranámskeiða ásamt
Smíðavöllum Vífils. Vonast er til þess að
börn og unglingar í Garðabæ sækja
námskeiðin af sama áhuga og áður og
nýr þátttakendur eru ávallt velkomnir!

Endurbætur í Vífilsbúð

Vífilsbúð, skátaskáli Vífils hefur notið
góðs af vinnuglöðum skátum og öflugum
baklandi. Talsverðar endurbætur fóru
fram á síðasta ári. Skipt var um
eldhúsinnréttingu, dýnur endurnýjaðar
og byggðar nýjar tröppur fyrir framan
skálann sem auðveldaðu aðgengi til
muna. Loks var útikamrinum komið
fyrir á hentugri stað, öllum til ánægju.

Flokkafjör

Árum saman hefur Vífill haldið tvær
félagsútilegur á ári hverju og yngstu
skátunum, Drekkaskátum, hefur verið
boðið að koma í heimsókn á laugardegi
en þeir hafa ekki gist. Í ár var ákveðið
að gera tilraun og í stað tveggja útilega
var boðið upp á þátttöku í einnar nætur
útilegum sem nefnast Flokkafjör.
Flokkafjórið var haldið í skátaheimilinu
Jötunheimum og tókst með afbrigðum
vel. Dagskráin miðaðist einkum við
Dreka- og Fálkaskáta en Dróttskátar,
Rekkar og Róverskátar önnuðust
dagskrá og umsjón. Drekkaskátar og
fleiri fengu þarna tækifæri til þess að
þjálfast í að vera sjálfbjarga og læra
að komast af án foreldra sinna sem
gerði þeim síðan kleift að koma með í
félagsútileguna í febrúar og gekk það



mjög vel. Félagsútilegan sem var ein sú
fjölmennasta til þessa tókst afar vel.
Allir skemmtu sér konunglega og fengu
tækifæri til þess að sýna færni sína í
skátun. Nánar er fjallað um útileguna
aftar í blaðinu.

Roverway

Roverway skátamótið er án efa
stærsta mót sinnar gerðar. Á því móti
koma saman skátar á aldrinum 16-22
ára frá nánast allri Evrópu. Árið 2009
var Roverway haldið í fyrsta sinn á
Íslandi. Rúmlega tvö þúsund skátar
komu til landsins til þess að sækja þetta
mót og dagana fyrir setningu mótsins
var gestunum boðið að gista í
grunnskólum Garðabæjar. Síðustu
nóttina fyrir mótið gistu hér í bænum
um 2000 manns!

Mótið var sett á lóð Háskóla Íslands
og að setningu lokinni var förlinn heitið
út á land þar sem hver skátasveit tókst
á við mismunandi og mjög krefjandi
verkefni ásamt því að skoða
áhugaverðustu staði landsins. Nánari
umfjöllun um mótið er að finna hér
aftar í blaðinu.

Hátíðarhöld

Vífill stóð enn og aftur fyrir hátíðar-
höldunum á Sumardeginum fyrsta og
17. júní 2009 og stóð sig með þryði.
Engin breyting verður þar á í ár.
Sumarkomunni verður fagnað á
sumardeginum fyrsta 22. apríl n.k.

Allir bæjarbúar eru hvattir til þess að
mæta og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá

og kaffisölu í Hofsstaðaskóla. Tilvalið er
að taka með sér gesti og sýna öðrum
hvernig hátíðarhöld fara fram í
Garðabæ!

Bestu þakkir!

Skátarnir í Vífli senda bæjarbúum og
velunnurum bestu kveðjur og þakka
sérstaklega þeim fyrirtækjum sem
hafa styrkt útgáfu blaðsins og gert
hana mögulega.

*Með skátakveðju,
Brynjar Smári Alfreðsson
Daníel Grétarsson ritstjórn*



Útgefandi:

Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður

Helgi Grímsson

Ritstjórn

Brynjar Smári Alfreðsson

Daníel Grétarsson

Alexandra Ýr van Erven

Andri Týr Kristleifsson

Bergþóra Ólóf Björnsdóttir

Björn Hilmarsson

Daníel Þorláksson

Hafþís Bára Kristmundsdóttir

Heba Ýr Pálsdóttir Hillers

Hildur Hafsteinsdóttir

Kristjana Björk Brynjarsdóttir

Salbjörg Kristín Sverrisdóttir

Vala Dröfn Hauksdóttir

Vigdís Björk Agnarsdóttir

Myndir

Myndir úr myndasafni Vífils
og ritstjórnar.

Hátíðarhöld samkvæmt hefðinni

Mikið verður um dýrðir á sumardaginn fyrsta, en sterk hefð hefur myndast um hátíðahöldin í Garðabæ og hafa þau verið í umsjá Vífils alla tíð.

Sumardagurinn fyrsti er um leið afmælisdagur félagsins, en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967 og verður því 43 ára á þessu ári.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13:00 og hefst svo skátaguðspjónusta í kirkjunni strax á eftir. Í kirkjunni verða meðal annars veittar viðurkenningar fyrir starf vetrarins.

Við hvetjum alla Garðbæinga til að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14:00 Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skrúðgöngunni og sér Blásarasveitin um göngutaktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun Blásarasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við



sitt hæfi, t.d. leiktæki, söng og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælistökur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið viðfræga skátatertuhlaðborð Vífils verður þar samkvæmt hefð.

Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.

Nú mæta allir !

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og vonumst til þess að sem flesta!

Allir Garðbæingar eru hvattir til að koma og taka þátt í hátíðahöldunum.

Hér á síðunni má sjá myndir frá hátíðinni í fyrra.



Vonumst til að sjá sem flesta!





Hádegisverðapjónusta

Krydd & Kavíar...og bragðlaukarnir brosa

Sími 824 7731 / 565 9933 www.kryddogkavíar.is

ÍSBUÐIN
kjörís GARÐABÆ



Vífilsstaðalækur á uppþök í Vífilsstaðavatni. Nær byggðinni heitir hann Hraunshótslækur.

Lækur tifar létt...

HENDUM EKKI RUSLI Í LÆKINA!

Notum þvottastöðvar eða þvottaplön bensinstöðva til að þrifa bílana!

Þvottur á bílum á bílaplönnum og í innkeyrslum húsa veldur mengun í lækjunum sem renna í gegnum Garðabæ.

Mengandi hreinsiefni og óhreinindi af bílum fer ofan í niðurföll og berst þaðan út í lækina.

Drekaskátar á ferð og flugi.

Drekaskátar eru hressir krakkar á aldrinum 7-9 ára. Í skátafélaginu Vífli nefnist skátasveitin þeirra Furðufuglar. Innan sveitarinnar starfa þrír flokkar sem kallast Ernir, Dúdúfuglar og Páfagaukar. Þessir hressu krakkar hafa heldur betur haft mikið að gera síðasta árið. Vetrarstarfinu á síðasta ári lauk með því að hópurinn fór á Drekaskátamót á Úlfljótsvatni fyrstu helgina í júní. Þar var mikið fjör og nóg að gera allan daginn. Laugardagurinn fór í póstaleik þar sem skátarnir fóru á milli staða og leystu hin ýmsu verkefni sem bæði voru lærdómsrík og skemmtileg. Um kvöldið var svo að sjálfsögðu varðeldur þar sem sungið var af list og mörg sniðug skemmtiatriði komu frá skátasveitunum. Í desember héldu Furðufuglar árlegt jólabingó þar sem markmiðið er að safna fyrir kjörbarni félagsins en það er ung stúlka í El- Salvador.

Starfið í sveitinni

Vetrarstarfið hefur verið mjög líflegt. Drekaskátar funda á þriðjudögum klukkan 17:00-18:30. Á dagskránni hefur verið margt skemmtilegt. Útiöldun, gönguferðir og ratleikir. Sundlaugin í Mýrinni var heimsótt og fengu krakkarnir að skoða allt húsnæðið hátt og lágt. Þau fengu meira að segja að fara undir sundlauginu og fannst mörgum það skrytið. Drekaskátar tóku þrisvar sinnum í vetur þátt í Flokkafjöri



og gistu í skátaheimilinu. Þá var nú heldur betur líflegt á svæðinu. Fullt af krökkum inni og úti að vinna við margvísleg skemmtileg verkefni.

Félagsútilega

Í lok febrúar var farið í félagsútilegu alla leið vestur að Laugum í Sælingsdal. Farið var í tveimur rútum og keyrt lengi, eða það fannst krökkunum. Veðrið var slæmt þegar komið var á staðinn, blindbylur og snjókoma. Þar sem húsnæðið var svo frábært þá kom það ekki að sök. Allir voru yfir sig ánægðir að komast loksins í almennilegan snjó, þar sem sá hvíti hefur ekki sést mikið í vetur. Þetta var fjölmenn félagsútilega þar sem fullt af skátum og foreldrum áttu saman frábæra helgi með galdraívafi, þar sem þema útilegunnar var Harry Potter. Öll dagskráin var í anda Harry Potters, til dæmis voru fluttir leikþættir í öllum matartímum þar sem vel þekkt atriði í sögunum voru tekin fyrir. Einnig var farið í næturleik á laugardagskvöldinu og barist við „vitsugur“ og brjálaða

galdramenn. Það voru þreyttir skátar sem skiluðu sér heim á sunnudeginum, en allir hefðu viljað vera lengur.

Framundan er vorið með fullt af spennandi verkefnum fyrir hressa og káta Drekaskáta.

*Vala Dröfn Hauksdóttir
Vigdís Björk Agnarsdóttir
sveitarforingjar*



Stjórn Vífls skipa nú

Félagsforingi

Helgi Grímsson

Aðstoðar félagsforingi

Guðmundur Finnbogason

Ritari

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Gjaldkeri

Guðbjörg Þórðardóttir

Meðstjórnendur

Guðfinna Harðardóttir

Hjálmar Örn Arnarson

Jóhann S. Erlendsson

Viltu verða félagi í Skátafélaginu Vífli?
Komdu í Jötunheima við Bæjarbraut
eða hringdu í síma 565-8820.
Nánar á www.vifill.is.



Snjóstríð Fornmanna

Fornmenn er sveit stráka á aldrinum 10-12 ára. Þeir eru mjög hressir og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni. Einn af eftirminnilegustu fundum vetrarins var 3. mars síðastliðinn en það var einmitt þá viku sem snjórinn lét loksins sjá sig á höfuðborgarsvæðinu í vetur og entist í heila viku. Á þessum fundi var snarlega breytt út af fyrirhugaðri dagskrá sem fól í sér framandi átkeppni, sem innihélt m.a. það að borða hrísgrjón með flísatöng og úr varð heljarinnar snjóvirkisgerð. Það er fátt jafn merkilegt og það að horfa á samvinnu hóps drengja á aldrinum 10-12 ára að brasa



í snjónum og byggja virki. Allir höfðu auðvitað misjafnar hugmyndir um hvernig endanleg mynd virkisins yrði en þeir héldu samt ótrauðir áfram. Skátaandinn sveif yfir og allir fengu að koma sínum hugmyndum á framfæri og stóðu saman. Drengjunum var boðið að fara í snjókarlakeppni en á því var lítill áhugi. Þeim þótti það sóun á þessum líka fína snjó: Einnig voru drengirnir beðnir um að gera sem flottustu snjókarla en þeir höfðu engan áhuga á að sóa þessum fína snjó.

Þegar virkin voru loks tilbúin var ekkert annað eftir en að gera eitthvað gagnlegt með þau! Hófst þá einn af æsingameiri leikjum sem drengirnir

þekkja, hinn svo kallaði „capture the flag“ en hann er mjög einfaldur. Hvort lið þarf að ná fána hins liðsins áður en það lið nær fána hins. Fánarnir voru settir í sitthvort virkið og svo byrjuðu strákarnir að hlaupa um og klukka hvorn annan ...með snjóboltum. Eftir hasarinn sem entist í um 20 mínútur lágu tvö virki í valnum. En það var allt í lagi því það er alltaf hægt að búa til fleiri næsta vetur.

*Andri Týr Kristleifsson
Daníel Þorláksson
sveitarforingjar*

Salur Jötunheima

Glæsilegur salur í hjarta bæjarins

Salurinn okkar í Jötunheimum getur tekið um 100 manns í sæti og er allt til reiðu fyrir veislur eins og fermingar, brúðkaup, afmæli eða stóra vinnufundi.

Salurinn er mjög vel tækjum búinn með skjávarpa, sýningartjaldi og hljóðkerfi.

Eldhúsið er vel útbúið. Eldavél og ofn til að hita sósur og rétti, einnig allar borðbúnaður og stór og góð uppþvottavél.

Salurinn hefur verið vinsæll til útleigu og hvetjum við alla áhugasama til að hafa samband á skrifstofu félagsins til að fá nánari upplýsingar.

Sjá nánar á www.vifill.is



Veislur eða fundir



Dróttskátasveitin Ólafur

Dróttskátastarfið í Vífli hefur verið mjög virkt í vetur og glímt hefur verið við ótal spennandi hluti. Fjórir flokkar starfa innan sveitarinnar og er að mestu leiti aldurskipt í flokkana. Á skátafundum, sem eru einu sinni í viku, er margoft skemmtilegt gert. T.d. útiöldun, hellaferðir eða spilakvöld. Oft er mætt aukalega ef boðið er upp á spennandi verkefni sem krefjast útiveru og þá er t.d. farið í fjallgöngur, klifur eða lærd rötun. Það sem stendur þó alltaf mest upp úr vetrarstarfinu eru útilegurarnar. Þá er vakað fram á nótt og kannski spilað á spil og samt vaknað snemma á morgnana og farið í langar göngur. Þegar komið er inn í skála er eitthvað ljúffengt eldað og síðan hjúfrað sig saman í svefnpokunum. Næst á dagskrá er árleg skíðaferð til Akureyrar um páskana.

Ævintýri í Austurríki í sumar

Í sumar er stefnan tekin á skátamót í Viðey og síðan á landsmót skáta í Austurríki. Þar verður dvalið í rúmlega tvær vikur og fá skátarnir að kynna skátum frá nokkrum þjóðum heims og upplifa skátameninguna erlendis, ásamt því að fara í fjölbreytta og krefjandi dagskrá. Eftir mótið verður gist heima hjá austurrískum skátum og ýmislegt skemmtilegt gert með þeim tækifæri til þess að kynna austurrískri menningu fæst í leiðinni. Ferðin endar svo með nokkrum dögum í menningarborginni Vín. Starfið í dróttskátasveitinni er því mjög fjölbreytt og skemmtilegt.

Alexandra Ýr
foringi



Fjörugar Forynjur

Skátastarfið í vetur hjá Forynjum, stelpum á aldrinum 10-12 ára, hefur verið sneisafullt af skemmtilegum verkefnum og framundan er einnig fullt af spennandi hlutum að gerast. Fundað er einu sinni í viku á mánudögum kl. 17:00-19:00. Ef þér finnst þetta spennandi og ert á þessum aldri þá skaltu endilega slást í hópinn og taka þátt í stórskemmtilegum verkefnum með okkur.

Fyrr á árinu var farið að klifra og síga sem tókst mjög vel. Poppað var yfir opnum eldi sem stelpunum fannst virkilega gaman. Einnig var elduð núðlusúpu yfir eldi og var hún rosalega góð. Gerð var mjög flott stuttmynd sem var svo sýnd í félagsútilegunni. Stelpurnar skreyttu boli með tákni sveitarinnar og svo var útiöldunarþema. Fyrst var elduð eggjakaka, í poka sem var mjög fróðlegt og skemmtilegt. Næst var búin til gómsætur jarðaberja- og súkkulaðiis. Eftir það var kennt að búa til brjóstsykur sem var rosalega sætur á bragðið. Í lok mars var loks kósýkvöld.

Í apríl er á dagskrá að klifra í klifurhúsinu, læra að sigla á kajak og undirbúa sumardaginn fyrsta þar sem stelpurnar fá að prófa candy flos vélina. Í maí verða margs konar verkefni á dagskrá t.d. leikir, enn meiri útiöldun



og samstarf við skátafélagið Kópa í Kópavogi. Vetrarstarfinu lýkur svo með lokahátíð sem verður án efa mjög

skemmtileg og svo á að skunda á skátamót í Viðey í lok júní.

Salbjörg Sverrisdóttir, foringi.

Dreifing þjóðskrár og fyrirtækjaskrár

- Þjóðum reglulegar uppfærslur á þjóðskrá og fyrirtækjaskrá
- Sjálfvirkar uppfærslur daglega, vikulega eða mánaðarlega
- Þjóðskrárlausnir fyrir margar tegundir gagnagrunna
- Þjóðarsýn uppflattikerfið
- XML aðgangur



PIZZAN

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast árið 2010

Prestar verða sr. Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur, sr. Friðrik J. Hjartar prestur og Hans Guðberg Alfreðsson prestur.

Vídalínskirkja 27.mars. kl. 10:30

Andrea Sif Pétursdóttir	Löngufit 20
Andri Þór Guðbjartsson	Bæjargili 40
Ásbjörn Ólafsson	Ásbúð 90
Birgir Orri Óðinsson	Markarflöt 25
Díana Dögg Sigurðardóttir	Eskiholti 19
Egill Friðriksson	Súlunesi 8
Eiríkur Atli Hlynsson	Bæjargili 101
Finn Axel Hansen	Fífumýri 12
Finnur Snær Baldvinsson	Flesjakór 20
Gabríela Rut Sævarsdóttir	Súlunesi 16
Guðmundur S. Þorvaldsson	Bæjargili 92
Haraldur Óli Haraldsson	Lækjarási 4
Hildur Anissa Fodilsdóttir	Ögurási 5
Hjalti Rafn Sveinsson	Faxatúni 9
Hjördís Lilja Hjálmaradóttir	Bæjargili 69
Hlynur Óskar Guðmundsson	Lyngmóum 1
Ingvar Guðjónsson	Birkihæð 20
Ingvar Þór Bjarnason	Eikarási 5
Ingvi Björn Birgisson	Hraunhólum 4a
Kári Pétursson	Mávanesi 2
Lea Agnarsdóttir	Ægisgrund 10
Magnús Guðbrandsson	Ásbúð 48
Salvör Eyþórsdóttir	Jökulhæð 1
Sóley Ólafsdóttir	Reynilundi 10
Stefán Kári Atlason	Eyrarholti 16
Þorgeir Finnbogason	Eskiholti 23
Þórunna Gunný Gunnarsd.	Lyngmóum 3

Garðakirkja 27. mars. kl. 13:00

Dilja Björk Örvarsdóttir	Hjálmakri 6
Fjóla Rún Brynjarsdóttir	Birkiási 15
Gyða Jóhannsdóttir	Blikanesi 13
Jóhannes Birkir Gunnarsson	Ásbúð 51
Katla Sólborg Friðriksdóttir	Breiðási 10
Kristina Maxine Guðmundsd.	Góðakri 4
Leifur Sævarsson	Gimli
Margrét Kristín Björnsdóttir	Lynghæð 4
Margrét Mist Tindsdóttir	Lindarflöt 18
María Bjarnadóttir	Smáraflöt 7
Ólafur A. Laufdal Arnarsson	Tunguási 3
Páll Halldór Jóhannesson	Hrímómum 13
Sigrún Perla Gísladóttir	Stekkjjarflöt 9
Skúli Berg Hjálmarsson	Lækjarfit 7
Sóley Ásgeirsdóttir	Krókamýri 68

Bessastaðakirkja 27. mars kl 13:00

Einar Valberg Eiríksson	Jökulhæð 2
Haukur Snær Jakobsson	Haukanesi 13

Garðakirkja 28.mars. kl. 10:30

Arnar Páll Jóhannsson	Brekkubyggð 46
Arnar Steinn Hansson	Björk v/Álftan.v.
Áskell Dagur Arason	Brekkubyggð 47
Egill Ragnar Gunnarsson	Móafli 47
Erlingur Gunnarsson	Lyngmóum 9
Guðrún Snorradóttir	Sunnufli 30
Heiðrún Sif Magnúsdóttir	Víðilundi 3
Herdís Birta Jónsdóttir	Markarflöt 49
Hildigunnur Hermannsdóttir	Arnarási 7
Hildur Ýr Aðalsteinsdóttir	Vesturholti 17
Jóhanna Hafsteinsdóttir	Melhæð 1
Lilja Sigurrós Davíðsdóttir	Haukanesi 25
Marteinn Jóhannesson	Suður Afríku.
Róbert Sindri Jónsson	Lerkiási 6
Sólveig Erla Sigurðardóttir	Ásbúð 53
Unnur Andrea Ásgeirsdóttir	Bæjargili 51

Vídalínskirkja 28.mars. kl. 13:00

Aðalheiður Ólafsdóttir	Greniási 12
Aðalheiður Dögg Reynisd.	Borgarási 10
Aron Snær Júlíusson	Markarflöt 8
Atli Mark Williams	Lyngási 4
Axel Ingi Ólafsson	Ægisgrund 9
Elfa Rut Gísladóttir	Lækjarfit 17
Friðgeir Pétur Friðgeirsson	Bæjargili 39
Halla Björk Vigfúsdóttir	Bæjargili 35
Halldór Fannar Sveinsson	Reynilundi 6
Halldór Ingi Elíasson	Gullakri 9
Harpa Guðrún Hreinsdóttir	Krókamýri 30
Heiðrún Ósk Reynisdóttir	Hraunási 8
Ingi Jón Williams	Lyngási 4
Jóhann Hinrik Jónsson	Löngumýri 24
Jóhann Ólafur Jóhannsson	Súlunesi 9
Jón Egill Hafsteinnsson	Lyngmóum 11
Kristín Ágústsdóttir	Bæjargili 84
Kristófer Svavarsson	Lyngmóum 4
Linda Arnardóttir	Bæjargili 44
Matthildur Schiöth Gunnarsd.	Kjarmóum 18
Rakel Rós Bjarnadóttir	Birkiási 31
Sandra Steinþórsdóttir	Ásbúð 19
Sara Margrét Jóhannesdóttir	Hallakri 4a
Sif Snorradóttir	Bæjargili 9
Sóley Halldóra Williams	Lyngási 4
Sólveig Magnúsdóttir	Tjarnarflöt 5
Þórey Guðjónsdóttir	Vattarási 2

Bessastaðakirkja 28. mars kl 13:00

Ástþór Rúnar Völundarson	Dalsbyggð 17
--------------------------	--------------

Vídalínskirkja 10.apríl. kl. 10:30

Agnes Björk Stefánsdóttir	Melási 8
Andrea Urður Hafsteinsdóttir	Krókamýri 60
Andri Freyr Hlynsson	Löngumýri 20
Aníta Rós Þorsteinsdóttir	Kaldakri 1
Brynja Lís Þórisdóttir	Dalsbyggð 17
Hinrik Þráinn Örnólfsson	Hörgslundi 4
Jón Helgi Steingrímsson	Hofakri 7
Karitas Rán Garðarsdóttir	Smáraflöt 42
Valur Úlfarsson	Arnarási 19

Vídalínskirkja 10.apríl. kl. 13:00

Birta Fönn Sveinsdóttir	Bæjargili 71
Daði Lár Jónsson	Ásbúð 87
Egill Magnússon	Greniási 14
Einar Ólafur Jónsson	Strandvegi 21
Ellen Helena Helgadóttir	Eikarási 7
Fannar Steinn Þrastarson	Stekkjjarflöt 14
Guðmundur Einar Hanness.	Aðallandi 13
Halldór Einarsson	Sunnufli 2
Helgi Rúnar Björnsson	Víðilundi 2
Kolfinna Björk Guðmundsd.	Bakkaseli 13
Kormákur Sigurðarson	Ásbúð 102
Kristófer Ásberg Björnsson	Löngumýri 59
Marinella Ragnh. Sigurðard.	Kornakri 4
Marín Elvarsdóttir	Draumahæð 12
Ólafur Ammendrup Ólafsson	Eskiholti 1
Sandra Karlsdóttir	Ægisgrund 6
Skapti Magnús Birgisson	Ögurási 14
Sonja Kaldalóns Þórhallsd.	Hallakri 1
Stefán Gunnarsson	Strandvegi 10
Sunneva Antonsdóttir	Bæjargili 66
Thelma Lind Olsen	Löngulínu 7
Tómas Orri Almarsson	Stekkjjarflöt 15
Þorgerður Ævarsdóttir	Laufási 2

Garðakirkja 11.apríl. kl. 13:00

Egill Ingi Egilsson	Nónhæð 1
Guðmundur H. Hafsteinnsson	Línakri 1b
Heiða Björk Helgadóttir	Krókamýri 16
Hekla Norðdahl	Óttuhæð 2
Helena Rut Sveinsdóttir	Skógarlundi 11
Helga Huld Heiðdal	Sjávargrund 2b
Ilmur Jónsdóttir	Sunnufli 39
Jakob Vífill Ragnarsson	17. júnitorgi 3
Norma Dögg Róbertsdóttir	Ásbúð 10
Sigrún Soffía Halldórsdóttir	Móafli 43
Sigurður Óli Traustason	Laufási 4
Stefán Örn Þórarinnsson	Hrúsholti 8
Þorsteinn Ari Hallgrímsson	Heiðarlundi 19



ATHUGIÐ:

Ekki er tekið við
skeytapöntunum hjá Vífli.

Panta skal í síma 1446
eða á www.postur.is



PÓSTURINN

allur pakkinn

Gerðu eitthvað skemmtilegt
við stafrænu myndirnar þínar.
Sendu persónulegt skeyti
á www.skeyti.is



SKEYTI

Til hamingju með daginn!



Stærsta skátamót Íslands

Roverway er skátamót sem haldið er í Evrópu. Það er haldið á þriggja ára fresti víðsvegar um Evrópu og árið 2009 var það haldið á Íslandi. Tveimur vikum fyrir mótið hófu erlendir skátar för sína til Íslands. Daginn fyrir mótið hækkaði íbúafjöldi Garðabæjar um rúmlega 2000 manns. Skátarnir gistu m.a. í skólum bæjarins og skátaheimilinu Jötunheimum.

Þann 20. júlí, daginn sem lagt var af stað, varð Garðatorg ein stærsta rútbílamíðstöð landsins. Um 3.200



skátar frá 50 löndum komu saman þar. Síðan var förinni heitið að Háskóla Íslands þar sem mótið var sett með stæl. Eftir það héldu skátarnir hver í sína rútu og lagt var af stað í ævintýraför.

50 ferðir um allt land

Skátarnir fóru í mismunandi ferðir, e. „Journeys“ eins og það var kallað, sem voru á við og dreif um landið. Meðal annars var boðið upp á ísklifur, klettaklifur, eins konar „survivor“ búðir, Laugavegsgöngu, eldfjallaskoðun og margt fleira.

Við í Vífli, ásamt skátum frá Búlgaríu, Portúgal, Möltu og Frakklandi fórum í ísklifur í Svínafellsjökli.

Ferðin í Skaftafell tók um sex tíma. Á leiðinni stoppuðum við m.a. til þess að skoða Ljósafoss og umhverfi hans. Seinni partinn komum við okkur fyrir og tókum því rólega og söfnuðum kröftum fyrir næstu daga. Snemma morguninn eftir var svo lagt af stað í 18 km langa göngu um Skaftafell, þar sem við skoðuðum Svartafoss ásamt ýmsu áhugaverðu. Um kvöldið voru því allir þreyttir en sumir fengu sér þó sundsprett.

Hóparnir í leik og vinnu

Að morgni miðvikudags vöknudum við eldsnemma og gerðum okkur til fyrir daginn. Við fórum með rútu inn í

Skaftafell þar sem við tókum þátt í samfélagsvinnu en þar tíndum við rusl og lögðum göngustíg upp að Svartafossi. Þetta tók allan daginn og um kvöldið var svo stærðarinnar kvöldvaka og dansleikur á eftir. Morguninn eftir vöknudum við og gerðum okkur tilbúin fyrir erfiðan en jafnframt skemmtilegan dag, smurðum okkur nesti og pökkuðum í dagspokana okkar. Lagt var af stað með rútu inn í Skaftafellsþjóðgarð þar sem við hittum jöklaleiðsögumenn sem fóru yfir búnaðinn sem við áttum að notast við. Við fengum brodda undir skóna og ísaxir. Eftir það fórum við með tveimur bílum upp að Svínafellsjökli þar sem leiðsögumennirnir fræddu okkur um umhverfið á meðan við gerðum okkur tilbúin fyrir jökulgönguna framundan. Við gengum um jökulinn og skoðuðum ýmislegt, svo sem sprungur og vatnslindir. Þeir kenndu okkur að notast við exina á jöklagöngu og fræddu okkur örlítið meira um umhverfið, t.d. það að atriði úr James Bond hafi verið tekið upp á þessum slóðum. Að því loknu gengum við að bílunum og fórum aftur í Skaftafell þar sem við hittum annan skátahóp og deildum með honum hádegisverði. Eftir mat vorum við kynnt fyrir nýjum hóp leiðsögumanna sem fræddu okkur um notkun búnaðarins sem við þurftum að nota við ísklifrið. Með rútum komum við okkur aftur upp að Svínafellsjökli, örlítið ofar en þar sem við höfðum verið í jöklagöngunni og gengum að staðnum þar sem við ætluðum að klifra. Þar var okkur kennt að setja niður ísklifurslínur til þess að tryggja okkur og farið var yfir grunnatriði í ísklifri. Að því loknu fór fólk að spreyta sig í klifrinu sjálfu. Leiðirnar voru þrjár; auðveld, miðlungs og ein erfið. Sumir reyndu við allar, aðrir héldu sig í auðveldari leiðunum en í heildina stóðu allir sig vel.

Eftir langan og erfiðan dag var fólk úrvinda og því var slegist um hver þyrfti ekki að sjá um kvöldverðinn. Við borðuðum og svo fór fólk í sund og flestir voru komnir ofan í poka um miðnætti. Á föstudaginn hjálpuðust svo allir við að ganga frá og taka niður tjöldin því nú var komið að því að halda á Úlfliótsvatn. Rútuferðin var

löng, sem kom sér þó vel því fólk var úrvinda eftir langa daga og átti því auðvelt með að sofa í rútnu.

Allir hittast á Úlfjótuvatni

Loks komum við að Úlfjótuvatni þar sem sjá mátti starfsmenn mótsins klædda gulum vestum að leiðbeina öllum rútnunum hvar best væri að leggja á meðan enn fleiri starfsmenn tæmdu rúturnar. Okkur var nánast hent út úr rútnu svo næsta kæmist að sem fyrst. Við affermdum rútna og fluttum farangurinn að svæðinu sem okkur var úthlutað. Við reistum okkar tjaldbúð og að því loknu var hópur sendur að sækja mat svo hægt væri að byrja að elda á meðan aðrir tóku því rólega og kláruðu að koma sér fyrir. Eftir mat var komið að setningu mótsins og það var þar sem maður loksins áttaði sig á því um hve stórt mót væri að ræða en þarna voru saman komnir 3000 skátar frá tæplega 50 þjóðum. Boðið var upp á mikla dagskrá yfir daginn og misjafnt var hvað hver skáti valdi sér að gera.

Fimm dagskrárþorp í boði

Dagskrárþorpin voru fimm: Listaþorpið, þar sem m.a. var sungið og spilað á ýmis hljóðfæri, nuddað, leikið og fönndrað. Víkingaþorpið, þar sem m.a. var unnið með leður, tré og eldað yfir eldi, Umhverfiþorpið, þar sem ýmis listaverk voru unnin úr rusli og búnar til vélar með náttúruafli. PSST



(political, science, society, technology) þorpið, þar sem jólasvein, veltibíl, laufabrauðs- og jólakortagerð var að finna en þar var einnig hægt að kryfja svínshjarta, svo eitthvað sé nefnt. Að lokum var þarna Íþróttarþorp þar sem keppt var í hinum ýmsu þrautum og leikjum og var skólahreystibrautin t.d. sett upp. Við í Vífli ásamt búlgönskum skátum hönnuðum t.d. föt úr plastpokum og margt fleira í Umhverfiþorpinu.

Ótrúlegur Karnivaldagur

Sunnudagurinn var svokallaður „Carnival day“ þar sem hvert land var með kynningarbása og kynnti mat og fleira frá sínu landi. Forsetinn og frú komu í heimsókn á mótið og tóku m.a. erlendar skátastúlkur á móti þeim og kenndu þeim dans frá sínu heimalandi. Þetta var í heildina gríðarstór og skemmtilegur dagur.

Góðir dagar

Á mánudeginum var boðið upp á dagskrá að venju og að auki var Landsbjörg með sýningu. Þar tóku nokkrir djarfir skátar sig til, fóru út í vatnið og kölluðu á þyrlu til að bjarga sér. Þyrlan kom og hífðu skátana upp úr vatninu. Þyrlan tók svo hring um svæðið og lenti á túni við hliðina á mótssvæðinu. Þar þyrptist fjöldinn allur af fólki að fólk fékk að skoða

inn í þyrluna. Um kvöldið kom Sniglabandið og spilaði fyrir dansi og skátar frá öllum þessum ólíku þjóðum dönsuðu saman fram á rauða nótt. Svo kom þriðjudagurinn, þessi týpíski brottfarardagur. Pakkað var í poka, tjöldin tekin niður, allir inn í rútu og brunað beina leið heim. Þegar öllu var á botninn hvolft var þetta hið besta mót og æðisleg lífsreynsla fyrir okkur öll.

Smári og Danni





Félagsútilega 2010

Eftir nokkrar vikur af skipulags- og undirbúningsfundum auk einnar skipulagsútilegu var loksins komið að félagsútilegu Vífils. Búið var að telja öllum foreldrum og börnum trú um að hópurinn væri á leið að Laugum í Sælingsdal en við hin vissum öll að í raun var það ekki einu sinni inni í myndinni. Leiðinni var heitið í Hogwartsskóla galdra og seiða.

Þó bylji hríð og blási kalt...

Allir mættu sælir og glaðir á föstudagskvöldið, tilbúnir fyrir æsispennandi leika og keppnir alla helgina og um leið og við vorum búnir



að fylla allar rútur var brunað af stað. Ekki er hægt að segja að veðrið hafi eitthvað leikið við okkur en við komumst þó heil á húfi í Hogwarts. Eftir kvöldkaffi fóru allir skátar inn í íþróttasalinn sem þar var en það markaði upphaf helgarinnar. Fyrsti leikþáttur útilegunnar var þá frumsýndur (það var einn leikþáttur í hverjum matartíma) og get ég nú ekki annað sagt en að leikarar fóru á kostum. Eftir langt ferðakvöld voru svo allir sælir og glaðir að komast í háttinn.

Kennslustundir

Á laugardagsmorgun voru allir rifnir upp úr værum svefni til að koma sér af stað í morgunleikfimi, morgunþrif, skálaskoðun og morgunmat þar sem bleiki hafragrauturinn vakti mikla eftirtekt og vinsældir. Beint eftir matinn fóru svo allir í kennslustund, ýmist í töfrabragðafraði, sögu galdra, fornar rúnir, töfradrykkjafræði, snjóhúsagerð eða eitthvað annað spennandi. Að kennslustundum loknum var svo brjáláð sundlaugarparty fyrir alla viðstadda í sundlauginni á staðnum og ekki er annað hægt að segja en allir þurftu að þurka sig með handklæðunum sínum eftir að þeir komu uppúr (af því að alveg eins og alls staðar þá blotnar maður á að fara í sundlaugina í Hogwarts).

Vitsugur og helkrossar

Í kvöldmat var ótrúlega gott Lasagna sem húsfarnir í eldhúsinu höfðu búið til handa okkur og þegar allir voru mettir og glaðir fóru Huffelpuff nemendurnir (drekaskátar) út í næturleik. Þar þurftu þau bæði að verjast illum vitsugum og bjarga Harry Potter sem hafði orðið fyrir árás vitsuganna. Huffelpuff nemarnir stóðu sig með einstakri þrýði og þegar þeir höfðu sent Harry til ungfrú Pomfrey fóru allir á eina ótrúlegustu kvöldvöku allra tíma og sungu úr sér lungun og augun líka eins og sönnum skátum hæfir. Þá fóru Huffelpuff nemendur í háttinn en Gryffindor og Slytherin namar út í æsispennandi næturleik. Í þetta sinn var safnað Helkrossum þess sem ekki má nefna á nafn. Þetta var nú ekki jafn auðvelt og virðast má enda vitsugur ávallt tilbúnað að ræna og eyðileggja og ýmsar þrautir þurftu að leysa til svo að ná loks helkrossunum. Eins og með Huffelpuffnemendurna, stóðu Gryffindor og Slytherin namar sig einstaklega vel og ekki annað hægt að segja en að Harry Potter hafi farið sæll að sofa þetta kvöldið.



Þrígaldraleikar og skólaslit

Sunnudagurinn kom og allir voru með tár í augunum, meira að segja áður en þeir vöknuðu. Dvölin í Hogwarts hafði verið svo æsispennandi og skemmtileg að erfitt yrði að toppa hana. Fjórið var þó ekki búið enn, allir nemendur skólans fengu að taka þátt í sannkölluðum þrígaldraleikum á skemmtilegri braut og var hún vægast sagt krefjandi en skemmtileg í senn. Eftir leikana var hins vegar útilegunni slitið, þotið í rútur og brunað heim. Allt er gott sem endar vel og það var líka gaman að hitta mömmu og pabba og þylja upp öll ævintýri helgarinnar.

Kristjana Björk Brynjarsdóttir

NYTSAMAR FERMINGARGJAFIR FÆRÐU Í FJALLAKOFANUM

HEL SPORT

Marmot



ALTA - 10 ° c 2.1 kg.

Verð kr: 41.995,-

Feringartilboð: 35.995,-



NONA XT - 3 ° c 1.5 kg.

Verð kr: 39.995,-

Feringartilboð: 31.995,-



ECO 15 LONG - 9 ° c. 1.5 kg.

Verð kr: 39.995,-

Feringartilboð: 33.995,-

Gjafabréfin
gleðja alla



**PACIFIC OUTDOOR
EQUIPMENT**



Peak Oyl Lite Reg. Dýna
Stærð 51 x 183 x 2.5
Verð kr: 12.995,-
Feringartilboð: 11.045,-



Cruiser Lite Reg. Dýna
Stærð 51 x 183 x 3.8
Verð kr: 11.995,-
Feringartilboð: 10.195,-



Cruiser Mtn. Reg. Dýna
Stærð 51 x 168 x 5.0
Verð kr: 14.995,-
Feringartilboð: 12.745,-

JETBOIL.
Hvar sem er
Hvenær sem er!



Flash Carbon primus
397 gr. - 1 ltr. pottur
Verð kr: 19.995,-
Feringartilboð: 17.995,-

PETZL

Höfuðljós í miklu úrvali
verð frá kr: 4995,-



www.fjallakofinn.is

facebook

FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • 220 Hafnarfirði • sími 510 9505

KOHLA

Black Diamond

SCARPA

Småtungur

PETZL

Marmot

Tuttugasta og annað sumarið !

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið fyrir börn og unglunga sem eru á aldrinum 6-14 ára.

Skátafélagið Vífill var með fyrstu skátafélögum á landinu sem byrjuðu með slík námskeið fyrir 21 ári.

Dagskráin byggist upp á mikilli útivist og að sjálfsögðu ekta skátastarfi.

Aðstaða og stjórnun námskeiðanna verður í Skátamiðstöðinni Jötunheimum við Bæjarbraut 7.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátaforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátareynslu að baki. Þeir eru þaukunnugir útilífi, stjórnun í skátastarfi og hafa mikla reynslu af því að vinna með ungum Garðbæingum. Allir leiðbeinendur sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjálpi.

Mikil og góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í að sinna einstaklingnum og byggja dagskrána upp í samræmi við reynslu undanfarinna ára.

Dagskrá námskeiðanna byggist upp á tveggja vikna tímabili og endar

önnur hvor vika á útilegu við skátaskálann Vífilsbúð. Hægt er að velja að vera eina viku í senn.

Þátttakendum er skipt upp í 5 - 7 manna flokka eftir aldri. Þessir flokkar starfa saman út námskeiðið.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins, meðal annars hellaferð, kanóferð, veiðiferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og ýmsar aðrar kynnisferðir. Í annarri hverri viku, í lok hvers námskeiðs, er farið í tjaldútilegu í Heiðmörk, í nágrenni skála skátafélagsins Vífilsbúðar. Í útilegunni er grillað, haldin kvöldvaka, farið í gönguferðir, hellaferð og fleira.

Í stuttu máli er gert flest allt sem tengist alvöru skátaútilegum enda eru útilegur og útilíf sérgrein okkar skátanna.

Ævintýranámskeið Vífils

Þetta námskeið er ætlað börnum og unglingum á aldursbilinu 11-14 ára. Þetta er tveggja vikna námskeið sem endar með stórrí útilegu. Námskeiðið byggist á alvöru útivist og öðruvísi íþróttum t.d kassaklifri o.fl.



Skráning á vefnum

Skráning verður í gegnum vefsíðu Vífils, sem er www.vifill.is.

Einnig verður hægt að skrá í síma 899-0089 og 565-8820 eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is.

Smíðanámskeið Vífils

Smíðanámskeið Vífils

Nú í sumar er sjöunda sumarið sem Vífill hefuryfirumsjón með smíðavöllum Garðabæjar. Síðustu sex sumur hefur þetta gengið frábærlega.

Dagskrá allan daginn

Nú endurtökum við leikinn og tvínum saman leiki og fjör á smíðavellinum og höfum þar dagskrá allan daginn.

Dagskráin er skemmtileg og alltaf nóg að gera. Ef ekki er verið að smíða þá er farið í leiki og Jötunheimar lagðir undir fyrir alla þá aðstöðu sem þarf. Salurinn niðri er nýttur fyrir mataraðstöðu og nóg er hægt að hafa fyrir stafni á námskeiðinu allan daginn.

Smíða kofa eða kassabíl

Eins og venjulega verður hægt að smíða stórhýsi eða kassabíl. Stórhýsi rúmast á lyftarabretti og því verður hægt að taka það með sér heim að námskeiði loknu og setja upp í garðinum heima.

Tvær vikur í senn

Hvert námskeið verður tvær vikur í senn og er það gott tímabil til að smíða og leika. Dagskráin hefst á hverjum degi klukkan 10:00, en hægt er að mæta klukkan 09:00 í rólega morgunstund.

Skráning á vefnum

Skráning verður í gegnum vefsíðu Vífils, sem er www.vifill.is.

Einnig verður hægt að skrá í síma 899-0089 og 565-8820 eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is.





FASTEIGNASALAN
TORG
Garðatorg 5 Sími: 520 9595 og 520 9599



Ræða flutt í Skátaguðspjónustu sumardaginn fyrsta í Vídalínskirkju 2009. Birt með góðfúslegu leyfi höfundar.

Með brosi ég bæta vil heiminn,
með brosi ég býð góðan dag.
Já, brostu og vertu ekki feiminn
með brosi allt kemst í lag.

Þetta er byrjun á erindi í einum af uppáhalds skátasöngvunum mínum sem heitir „Ef allt virðist vesen og vafstur“. Mér finnst þessi partur alveg sérstaklega fallegur, af því að mér finnst boðskapur hans endurspeglar skátastarfið. Til að útskýra hvað ég á við ætla ég að deila með ykkur lítilli sögu úr skátalífinu mínu.

Um daginn rakst ég á litla ferðasögu sem ég skrifaði fyrir um fjórum árum ásamt tveimur góðum vinkonum mínum. Sagan var um ferð okkar á landsmót skáta í Finnlandi árið 2004. Þegar ég las yfir ósköpin gat ég ekki varist brosi. Það var ekki bara textinn sem bar öll merki um að vera skrifaður af tólf ára gelgjum heldur voru það miklu frekar allar minningarnar sem spruttu fram við lesturinn, hver á fætur annarri. Mér finnst því ég í raun tilneydd til að segja ykkur aðeins frá þessari ævintýraför okkar vinkvennanna.

Skógarlíf í ausandi rigningu

Landsmót finnskra skáta árið 2004 var haldið í einum af ótal skógum Finnlands. Líkt og víða annars staðar í Finnlandi var fullt af vötnum í skóginum. En það var ekki eina vatnið sem við kynntumst heldur fengum við líka að upplifa eitthvað það versta rigningarsumar sem komið hafði í Finnlandi í áraraðir. Það rigndi sem sagt næstum alla daga. Ýmsu höfðum við vinkonurnar kynnst en aldrei svona miklu magni af vatni eins og þessa dagana. Aumingja 66 gráður norður regnfötin okkar, sem þó eru hönnuð fyrir íslenskar aðstæður, áttu ekki séns í finnska himinflóðið – rigningin virtist vinna á hverju sem var.

Þið getið rétt ímyndað ykkur drullusvaðið sem beið okkar fyrsta daginn. Þegar við komum á mótssvæðið þurftum við beinlínis að vaða yfir á tjaldssvæðið okkar með farangurinn. Þá tók við hörð barátta við skógin í þeirri von um að koma tjöldunum fyrir einhvers staðar. Eftir um tveggja tíma stríð höfðu þó nokkur tré fengið að fjúka og við tjölduðum svo að segja á trjástubbunum. Það olli því að það var fremur óþægilegt að sofa í tjöldunum. Við bleytuna bættust svo moskítóflugurnar. Þessa vikudvöl okkar í finnska skóginum var því lík og önnur eins veisla hjá flugunum að við heimkomu datt nokkrum foreldrum í hug að við værum með kýlasótt og fyrsta sem þau sögðu við okkur var: „Hvað gerðist eiginlega?“

Sérkennileg matarmenning og framandi tungumál

Ég veit að margir af ferðafélögum mínum taka undir með mér þegar ég segi að finnski maturinn hafi verið með þeim versta sem við höfum smakkað. Hafragrautur með sultu, brauð með hrísgrjónabúðing og afar dularfull baunakássa voru meðal þess sem boðið var upp á. Við vinkonurnar eyddum þar af leiðandi miklum tíma í sjoppunum þar sem peningarnir fengu að fjúka fyrir bakkelsi, Pringles snakki og sælgæti. Það mun víst hafa verið ástæðan fyrir því að við komum verulega horaðar til baka með fötin hangandi utan á okkur.

Enskukunnáttan hjá tólf ára skátastúlku telst kannski ekki vera sú allra mesta, en við minnumst þess þó ekki að það hafi verið okkur til trafala. Okkur til mikilla vonbrigða var þó nefnilega langoftast töluð finnska eða sænska á hinum ýmsu atburðum mótsins. Þar af leiðandi skildum við næstum ekki neitt af því sem sagt var. Þrátt fyrir það tókum við fullan þátt í öllum kvöldvökum og öðrum atburðum og ég minnst þess að eitt kvöldið eftir langa kvöldvöku á framandi tungu-málum stóðum við og hoppuðum og dönsuðum eins og við ættum lífið að leysa og sungum hástöfum með einhverjum sænskum sumarsmelli, og skemmtum okkur að sjálfsgöðu konunglega.

Brosum, þá er sigur vís

Það má vera að ferðasagan hljómi illa í eyrum einhverra en í minningunni er þetta eitt það skemmtilegasta sem ég hef upplifað á minni stuttu ævi. Þessi ferð kenndi mér líka, að það eru ekki veðrið, fjöldi moskítóbita eða trjástubbar, sem koma í veg fyrir almennilegan svefn, gæði matarins eða skilningur á tungumálinu sem ræður för. Á meðan rétt hugarfar er til staðar og félagsskapurinn er frábær má gera stórskemmtilega ferð úr ósköpum sem þessum og það gerðum við.

Þetta er nákvæmlega það sem skátastarfið kennir okkur, að takast á við aðstæðurnar og gera eins gott úr þeim og hægt er. Í starfinu geta komið upp ýmis vandamál, en þá skiptir mestu að líta á björtu hliðarnar og láta hið óvænta ekki skemma fyrir okkur. Jákvæðni, samvinna, vilji og vinátta mynda lykilinn að skemmtun og ánægju og það vitum við og notfærum okkur í skátastarfinu. Með þessu tekst okkur bæði að skapa og eignast ógleymanlegar minningar sem við yljum okkur við og jafnvel þráum að upplifa aftur. Skátastarfið byggir á jákvæðu hugarfari og trúnni á að okkur takist það sem við tókum okkur fyrir hendur líkt og segir í öðrum skátasöng: „Brosum, þá er sigur vís“.

Hildur Hafsteinsdóttir

Þessi fyrirtæki á Garðatorgi styrkja útgáfu blaðsins

Áslaug Óskarsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Úlfhildur Leifsdóttir

TANNLÆKNAR

GARÐATORG 7 • SÍMI 565 9080

aslaugo@mi.is

gunnaj@mmedia.is

ulfhildur@islandia.is



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar S: 565-6680

**GLERAUGNAVERSLUN
GARÐABÆJAR**

GARÐATORGI

S: 534-2661



Garðatorg 3

Mánd. til laugard.: 10-19

Sunnud.: 11-18

Sími: 546 1720

www.soleyjarkot.is



GH Ljós
Garðatorg 7
210 Garðabæ
Sími 565-6560
gh@gh.is
www.gh.is



GARÐATORGI 7 - GARÐABÆ
Sími : 545-0800 - fax : 545-0801
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is
Fasteignasalan í Garðabæ



Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðbæinga, sem og alla aðra til að nýta sér þjónustu þeirra!



www.vigtarradgjafarnir.is



Frá ömmu til framtíðar

Framtíðarreikningur – fermingargjölf sem vex

Framtíðarreikningur er frábær gjölf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum og systkinum. Hann ber hæstu vexti verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni og er því frábær valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að hefja sparnað á Framtíðarreikningi hvenær sem er fyrir 15 ára afmæli reiknings-eigandans. Því fyrr sem sparnaður á Framtíðarreikningi hefst því veglegri upphæð mun reiknings-eigandi hafa til ráðstöfunar við útborgun. Einungis reikningseigandi sjálfur getur leyst út innistæðu við 18 ára aldur. Ef reikningurinn stendur óhreyfður eftir að reikningseigandi hefur náð 18 ára aldri haldast óbreytt kjör.

Góð gjölf

Framtíðarreikningur er kjörinn fyrir foreldra og aðra velunnara fermingarbarna sem vilja gefa gjölf sem vex. Stofnskirteini Framtíðarreiknings kemur í fallegu gjafaumslagi.

Komdu við í útibúi Íslandsbanka í Garðabæ og gefðu gjölf sem vex.

Kostir Framtíðarreiknings

- Hæstu vextir á verðtryggðum innlánsreikningum í bankanum
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Óhreyfð innstæða heldur óbreyttum kjörum eftir 18 ára aldur*
- Engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða aðrar þóknanir

* Ekki er hægt að leggja inn á Framtíðarreikning þegar binditíma lýkur við 18 ára aldur. Reikningurinn lokast við fyrstu úttekt.

islandsbanki@islandsbanki.is

www.islandsbanki.is

Sími 440 4000



Íslandsbanki